

LÖG ÍSLENSKA FLUGSTÉTTAFÉLAGSINS

1.KAFLI: NAFN OG HLUTVERK.

1.grein

Nafn félagsins er: "Íslenska flugstéttafélagið" skammstafað ÍFF.
Heimili og varnarþing skal vera í Reykjavík. Félagsvæði þess er allt Ísland.

2. grein

Tilgangur félagsins er að:

- A: Fara með samninga fyrir hönd félagsmanna um kaup og kjör.
- B: Annast samskipti við önnur flugstéttafélög og alþjóðasamtök flugstétta.
- C: Vinna að öryggismálum flugsins og að tryggja félagsmönnum öryggi við vinnu.
- D: Vernda réttindi og hagsmuni félagsmanna í atvinnumálum.
- E: Efla þekkingu félagsmanna á starfi í sínu.
- F: Veita félagsmönnum aðstoð í veikindum skv. reglugerð Sjúkrasjóðs ÍFF.

3. grein

Félagi getur hver sá orðið sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- A: Hefur leyfi til að starfa á Evrópska efnahagssvæðinu.
- B: Er annað hvort handhafi:
 1. EASA/Part OPS fluglíðaskírteinis er veitir réttindi til atvinnuflugs hér eftir nefndur flugmaður eða
 2. Handhafi skírteinis sem öryggis- og þjónustufulltrúi (Cabin crew Attestation), hér eftir nefndur fluglíði.
- C: Hefur undirritað ráðningarsamning við viðsemjenda ÍFF.

Miðstjórn ÍFF getur veitt undanþágu frá framangreindum skilyrðum.

4. grein

Umsóknnum um aðild að ÍFF skal skila til skrifstofu félagsins annaðhvort rafrænt eða með skriflegum hætti. Miðstjórn ÍFF fer yfir umsóknir til samþykktar á stjórnarfundi. Einnig telst viðkomandi félagsmaður ef hann hefur ráðið sig til starfa hjá viðsemjanda ÍFF með gildan kjarasamning við félagið. Rísi upp ágreiningur um inntökubeiðni, úrskurðar allsherjarfélagsfundur.

5. grein

Atkvæðisbærir eru þeir félagsmenn er starfa hjá íslenskum flugrekanda, samkvæmt kjarasamningi hans við ÍFF og hafa undirritað ráðningarsamning við viðsemjenda ÍFF. Atkvæðisréttur fellur úr gildi eftir að félagsmaður hefur ekki greitt í félagssjóð í sex almanaksmánuði samfellt. Ákvæði þetta gildir þó ekki ef til vinnustöðvunar kemur. Atkvæðisbærir félagsmenn geta á félagsfundum farið með atkvæðisrétt félagsmanna sem eru fjarverandi. Umboð skulu undirritað og stúluð á nafn og lögð fram hjá fundarstjóra sem úrskurðar lögmati þeirra.

6.grein

Þeir sem uppfylla ekki öll skilyrði 3. greinar, svo og þeir sem ekki hafa atkvæðisrétt samkv. 5. grein skulu vera aukafélagar og njóta réttinda samkvæmt 7. grein.

7. grein

Aukafélagar skulu hafa fullt málfrelsi og tillögurétt um málefni félagsins á félagsfundum, en hafa hvorki atkvæðisrétt né eru kjörgengir til starfa í stjórn, miðstjórn eða lögboðnum fastanefndum.

8. grein

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg/rafræn og skal hún afhendast skrifstofu ÍFF.

9. grein

Hver sá félagsmaður ÍFF sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir flugrekanda skal ekki á sama tíma gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍFF.

1. Trúnaðarstörf fyrir ÍFF teljast eftirfarandi störf: Seta í stjórn, miðstjórn, öllum nefndum og öll launuð störf fyrir ÍFF
2. Trúnaðarstörf fyrir flugrekanda teljast eftirtalin störf: Stjórnar- eða varastjórnarstörf, deildarstjórastörf og eða önnur sambærileg stjórnunarstörf. Miðstjórn ÍFF getur veitt undanþágu frá skilyrðum 1. málsgreinar.

10.grein

Félagsmaður ÍFF sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir flugrekanda er óheimilt að sitja fundi ÍFF þar sem kjara- og hagsmunamál eru á dagskrá.

2. KAFLI: UM RÉTTINDI OG SKYLDUR, RÉTTINDAMISSI OG BROTTREKSTUR.

11. grein

Réttindi félagsmanna eru:

- A: Málfrelsi, kjörgengi tillögu- og atkvæðisréttur á félagsfundum.
- B: Styrkir úr sjóðum félagsins eftir því sem ákveðið er í samþykktum þeirra.
- C: Aðstoð vegna vanefnda atvinnurekanda á samningum, lögum og reglugerðum.
- D: Réttur til að vinna upp á kaup og kjör er samningar félagsins ákveða hverju sinni.

12. grein

Skyldur félagsmanna eru:

- A: Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og samningum í öllum greinum.
- B: Að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið endurgjaldslaust, nema annað sé ákveðið.
- C: Að greiða félagsgjöld til félagsins á réttum gjalddaga.
- D: Að gefa stjórn félagsins upplýsingar um hvers konar tilraunir atvinnurekanda til að brjóta eða sniðganga kjarasamninga.
- E: Aðhafast ekkert það sem er ÍFF til tjóns eða álitshnekkis.

13. grein

Hafi félagsmaður gerst brotlegur við ákvæði 12. gr. getur miðstjórn ÍFF beitt eftirfarandi refsiakvæðum:

- A: Áminningu.
- B: Svift félagsmann tillögurétti og fundarsetu um tiltekinn tíma.
- C: Svift félagsmann rétti til að gegna trúnaðarstörfum í þágu ÍFF um ákveðinn tíma.
- D: Vikið félagsmanni úr ÍFF um lengri eða skemmri tíma.

Úrskurði stjórnar ÍFF má skjóta til allsherjarfélagsfundar, sem hefur endanlegt úrskurðarvald og er sá úrskurður bindandi fyrir alla félagsmenn.

14. grein

Nú er félagsmanni vikið úr félaginu og á hann þá ekki afturkvæmt í það nema inntökubeiðni hans sé samþykkt á lögætum allsherjarfélagsfundi.

15. grein

Hafi félagsmaður gegnt trúnaðarstarfi fyrir félagið í tvö ár eða lengur getur hann skorast undan endurkosningu næstu tvö ár.

3. KAFLI: STJÓRNIR, MIÐSTJÓRN OG NEFNDIR.

16. grein

STJÓRNIR:

Í félaginu starfa tvær sjálfstætt starfandi stjórnir. Stjórn flugmanna og stjórn flugliða. Fara þessar stjórnir hvor um sig með öll mál sinna stétta innan ÍFF. Hvara stjórn skipa þrír aðalmenn og einn til vara. Kosið er til eins árs. Hlutverkaskipan skal vera eftirfarandi: Formaður, varaformaður, ritari og varamaður. Hvor stjórn skipar með sér verkum sjálf. Kosið er til beggja stjórnna á aðalfundi af viðeigandi stétt.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar er mættur. Varamenn skal boða á stjórnarfundum. Þeir skulu hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt, nema þeir taki sæti aðalmanns.

Formaður sinnar stjórnar kveður til funda og stjórnar þeim. Hann undirritar gerðabækur stjórnar og gætir þess að allir stjórnarmenn geri skyldur sína. Hann hefur umsjón með starfsemi sinnar stjórnar og eftirlit með því að farið sé eftir umsömdum kjarasamningum.

Varaformaður gegnir öllum störfum formanns í forföllum hans.

Ritari heldur gerðabækur sinnar stjórnar og ber ábyrgð á fundargerðum. Hann undirritar gerðabækur stjórnar ásamt formanni.

Ritari skal halda til haga í sérstakri bók, gildandi fundarsamþykktum.

Stjórnir leggja mat á samninga áður en þeir eru bornir undir atkvæði og undirbúa atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun ef til þess kemur. Formaður stjórnar getur óskað eftir aðkomu miðstjórnar við forseta hennar.

17. grein

MIÐSTJÓRN:

Miðstjórn félagsins skipa níu aðalmenn, þrír sem kosnir eru sérstaklega á aðalfundi til eins árs, þrír úr hvorri stjórn og teljast varamenn stjórnna varamenn miðstjórnar. Miðstjórn fer með öll mál er heyra ekki undir stjórn flugmanna og stjórn flugliða. Hlutverkaskipan miðstjórnar skal vera eftirfarandi: Forseti, varaforseti, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur. Miðstjórn skipar sjálf með sér verkum. Miðstjórn fer með prófkúru félagsins og tilkynnist hún til fyrirtækjaskráar.

Miðstjórnarfundir eru lögmætir ef að lámarki sjö kjörnir fulltrúar mæta þ.e miðstjórnarmenn, stjórnarmenn, varamenn í fjarveru stjórnarmanna.

Forseti miðstjórnar kveður til funda og stjórnar þeim. Hann undirritar gerðabækur miðstjórnar og gætir þess að allir miðstjórnarmenn geri skyldur sínar. Hann hefur

umsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að fylgt sé lögum þess og reglum í öllum greinum. Miðstjórn fundar að lágmarki 4 sinnum á ári.

Varaforseti gegnir öllum störfum forseta í forföllum hans.

Ritari heldur gerðabækur sinnar stjórnar og ber ábyrgð á fundargerðum. Hann undirritar gerðabækur sjórnar ásamt forseta.

Ritari skal halda til haga gildandi fundarsamþykktum í sérstakribók.

Forseti miðstjórnar getur kallað saman miðstjórn þegar þurfa þykir og ekki eru tók á að ná saman félagsfundi, og ræður einfaldur meirihluti úrslitum í slíkum málum.

Hlutverk miðstjórnar er auk ofanritaðs að móta stefnu félagsins í mikilsverðum málum.

18. grein

Gjaldkeri hefur á hendi eftirlit með fjárreiðum og innheimtu félagsins og bókfærslu eftir nánari fyrirmælum miðstjórnar.

19. grein

Miðstjórn félagsins ræður alla starfsmenn félagsins, ákveður laun þeirra og vinnuskilyrði, ennfremur greiðslur til stjórnar- og nefndarmanna. Miðstjórn leggur tillögu sína að launum stjórna og nefnda fyrir aðalfund hverju sinni.

20. grein

Eftirtaldar nefndir skulu starfa á vegum ÍFF:

1. Samstarfsnefndir.
2. Samninganefndir.
3. Öryggisnefnd.
4. Kjörstjórn.
5. Stoðnefnd.
6. Hótelnefnd.
7. Orlofshúsanefnd.
8. Alþjóðanefnd.

Samstarfsnefndir

Samstarfsnefndir stéttanna er skipaðar hvor af sinni stjórn. Skal að lágmarki einn stjórnarmaður taka sæti í samstarfsnefnd.

Hlutverk samstarfsnefnda er að annast eftirfylgni með kjarasamningum viðkomandi viðsemjenda á samningstímanum. Einnig að fjalla um undanþágur á ákvæðum kjarasamnings á samningstímanum. Allar undanþágur á ákvæðum kjarasamnings eru háðar samþykki samstarfsnefndar viðkomandi stéttar innan ÍFF. Komi upp

ágreiningsmál eða óskir um undanþágur frá ákvæðum kjarasamnings, er gætu varðað hagsmuni hinnar stéttarinnar innan ÍFF, skal bera það undir miðstjórn.

Samninganefndir

Samstarfsnefnd og stjórn hvorrar stéttar skipa sína eigin samninganefnd og formann hennar sem fara mun með umboð til kjaraviðræðna fyrir viðkomandi stétt hverju sinni.

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd skal skipuð af stjórnnum beggja stétta félagsins til 2ja ára og skal því lokið eigi síðar en tveimur mánuðum eftir viðeigandi aðalfund. Tilgangur Öryggisnefndar ÍFF er að vinna að bættu flugöryggi, sjá til þess að vinnuumhverfi sé öruggt og að heilbrigði félagsmanna sé gætt á öllum stundum.

Í nefndinni sitja tveir flugmenn og 2 flugliðar, skipaðir af stjórnnum flugmanna og flugliða, sem kjósa sér formann af skipuðum aðilum. Nefndin skal hittast þegar þörf krefur og fjalla um þau mál sem borist hafa á borð nefndarinnar. Nefndin starfar bæði sjálfstætt sem og í nánú samstarfi við stjórnir ÍFF og öryggisfulltrúa viðsemjanda ÍFF

Kjörstjórn

Kjörstjórn er kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Í kjörstjórn sitja tveir félagsmenn, einn frá hvorri stétt. Kjörstjórn skal taka á móti framboðstilkynningum, annast kjörgögn og úrvinnslu þeirra sem og tilkynna um niðurstöður atkvæðagreiðslna. Kjörstjórnarmenn skulu ekki gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið né viðsemjandur á sama tíma.

Stoðnefnd

Stjórnir stéttanna skipa hvor sinn fulltrúann í stoðnefnd til þriggja ára í senn og skal því lokið eigi síðar en tveimur mánuðum eftir viðeigandi aðalfund. Hlutverk stoðnefndar er að vera félagsmönnum til aðstoðar t.d. ef upp koma persónuleg áföll, áfengis- eða vímuefnavandamál hjá þeim, sem og andleg eða sálræn vandamál.

Hótelnefnd

Hótelnefnd er skipuð af stjórnnum beggja stétta til þriggja ára í senn og skal því lokið eigi síðar en tveimur mánuðum eftir viðeigandi aðalfund. Í nefndinni skulu sitja tveir aðalmenn að lágmarki, einn úr hvorri stétt. Hlutverk hótelnefndar er að sjá um kjarasamningsvarinn rétt félagsmanna sem og að reglugerðum sé fylgt eftir í hvívetna.

Orlofshúsanefnd

Orlofshúsanefnd er skipuð af stjórnnum beggja stétta til þriggja ára í senn og skal því lokið eigi síðar en tveimur mánuðum eftir viðeigandi aðalfund. Nefndin er skipuð 4

félagsmönnum að lánmarki, tveir úr hvorri stétt. Nefndin velur sér sjálf formann af skipuðum aðilum.

Samþykktir og reikningar orlofshúsanefndar skulu samþykktar á aðalfundi ÍFF og fylgja með lögum félagsins.

Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd er skipuð af stjórnnum beggja stétta til þriggja ára í senn og skal því lokið eigi síðar en tveimur mánuðum eftir viðeigandi aðalfund. Í nefndinni skulu sitja tveir aðalmenn einn úr hvorri stétt og tveir varamenn einn úr hvorri stétt. Hlutverk alþjóðanefndar er að sjá um samskipti ÍFF við alþjóðasamtök samstarfsstétta félagsins.

21. grein

Sjúkrasjóður ÍFF

ÍFF skal starfrækja sérstakan sjúkrasjóð. Samþykktir sjúkrasjóðs ÍFF skulu samþykktar á aðalfundi

4. KAFLI: FUNDIR OG STJÓRNARKJÖR.

22. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir 31. mars ár hvert. Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi skal boða til framhaldsaðalfundar. Heimilt er að boða til aukaðalfundar um einstök málefni ef brýna nauðsyn ber til.

23. grein

Verkefni aðalfundar eru:

1. Miðstjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar ÍFF og SÍFF.
3. Lagabreytingar.
4. Kosningar í stjórn flugmanna, stjórn flugliða og miðstjórn.
5. Kosnir skulu tveir skoðunarmenn reikninga.
6. Kosnir skulu tveir í kjörstjórn einn frá hvorri stétt.
7. Önnur mál.

24. grein

Aðalfundur skal boðaður, með dagskrá, með minnst fjórtán daga fyrirvara og er hann lögmætur ef löglega er til hans boðað, og minnst 10% félagsmenna mæta og meirihluti miðstjórnar. Sé löglega boðaður aðalfundur ólögmætur vegna ónógrar þátttöku félagsmanna skoðast næsti löglega boðaður aðalfundur lögmætur.

Þeir sem gefa kost á sér til þeirra trúnaðarstarfa sem kosið er til á aðalfundi, skulu tilkynna kjörstjórn skriflega/rafrænt um framboð sitt tíu sólarhringum fyrir útgefna dags- og tímasetningu aðalfundar.

25. grein

Fulltrúar stjórnna skulu kosnir á aðalfundi og skal kosning fara fram á eftirfarandi hátt:

1. Kosnir þrír í stjórn flugliða og einn varamaður
2. Kosnir þrír í stjórn flugmanna og einn varamaður
3. Kosnir þrír í miðstjórn.
4. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga
5. Kosnir tveir í kjörnstjórn einn frá hvorri stétt.
6. Kosnir fjórir í sjúkrasjóð tveir frá hvorri stétt.

25b. grein

1. Við kosningu til stjórnna skal fjöldi atkvæða ráða. Í kjöri til stjórnar flugliða og tilstjórnar flugmanna skulu þeir þrír með flest atkvæði hljóta kosningu og sá fjórði til vara í hverri stétt.
2. Í miðstjórn skulu þeir þrír með flest atkvæði hljóta kosningu.

26. grein

Allsherjafélagsfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Allsherjafélagsfundir skulu haldnir þegar miðstjórn félagsins álitur þess þörf eða minnst 15% fullgildra félagsmanna óska þess. Allsherjafélagsfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

27. grein

Félagsfundur stétta fer með æðsta vald í málefnum starfsstétta á milli aðalfunda. Félagsfundir skulu haldnir þegar stjórn viðkomandi stétta álitur þess þörf eða minnst 15% fullgildra félagsmanna í viðkomandi stétt óska þess. Félagsfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

28. grein

Allsherjafélagsfundum og félagsfundum, stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs og kveður hann sér fundarritara. Einnig skal hann tilnefna tvo félagsmenn sem sjá svo um að með umboð og atkvæði sé farið samkvæmt félagslögum og skal kjörskrá liggja frammi í upphafi fundar. Fundarstjóri sker úr öllu sem snertir lögmæti fundarins samkvæmt ákvæðum félagslaganna, stjórnar umræðum og meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslum. Atkvæðagreiðslur skulu jafnan vera leynilegar.

29. grein

Allsherjafélagsfundum og félagsfundum skal boða með rafpósti eða bréflega, með dagskrá, og þannig að fundarboð hafi borist viðtakanda tveimur dögum fyrir fund.

Heimilt er að boða til funda með auglýsingum í blöðum, útvarpi og sjónvarpi, símleiðis eða með rafpósti, sé að mati miðstjórnar/stjórnar, nauðsynleg svo skyndileg fundarboðun að öðru verði ekki viðkomið.

30. grein

Skriflega allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa ef:

1. Miðstjórn telur það nauðsynlegt.
2. Lögmætur allsherjarfélagsfundur samþykkir það.

Kjörfundur vegna allsherjaratkvæðagreiðslu skal standa minnst í sjö sólarhringa. Allsherjaratkvæðagreiðsla má einnig vera rafræn. Miðstjórn félagsins skal setja reglur það um.

31. grein

Miðstjórn félagsins skal fela kjörstjórn að halda skrá yfir alla félagsmenn sem atkvæðisrétt hafa í sérstaka kjörskrá. Kjörskrá skal liggja frammi eigi síðar en viku fyrir aðalfund, annars samdægurs.

Kærufrestur kjörskrár er til kl 12:00 á kjördegi.

5. KAFLI: UM VINNUDEILUR

32. grein

Ákvörðun um vinnustöðvun skal tekin í samræmi við gildandi lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Almenn leynileg atkvæðagreiðsla skal standa í a.m.k. 7 sólarhringa, enda hafi stjórn viðkomandi stéttar félagsins auglýst nægilega, hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skuli fara fram.

6. KAFLI: FJÁRMÁL

33. grein

Reikningsár félagsins og sjóða þess er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins og liggja frammi á skrifstofu félagsins tíu dögum fyrir aðalfund.

34. grein

Félagsgjöld mega nema allt að 1% af brúttólaunum félagsmanna samkvæmt ákvörðun miðstjórnar.

35. grein

Mótframlag viðsemjenda ÍFF skal að lágmarki vera eftirfarandi: 1% í sjúkrasjóð og 1% í félagssjóð. Félagssjóður skal skiptast í starfsmenntasjóð, orlofshúsasjóð og endurmenntunarsjóð eftir ákvörðun miðstjórnar hverju sinni.

7. KAFLI: LAGABREYTINGAR

36. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi ÍFF enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði.

Til þess að lagabreyting nái fram að ganga verður hvor starfstétt fyrir sig að samþykkja breytinguna með meirihluta greiddra atkvæða, með eða á móti, á lögmætum aðalfundi.

Skal atkvæðagreiðsla fara fram samtímis hjá báðum stéttum með tveimur aðskildum og vel merktum kjörkössum. Einn fyrir hvora starfstétt.

Lagabreytingar samþykktar á aðalfundi, öðlast þegar gildi nema annað sé tekið fram.

37. grein

Ákvörðun um slit á félaginu verður einungis tekin á löglega boðuðum allsherjarsfélagsfundi þar sem slík tillaga kemur fram í fundarboði. Til þess að slíta félaginu þarf samþykki 2/3 hluta félagsmanna hvorrar stéttar. Við slit á félaginu skal eignum þess ráðstafað samkvæmt ákvörðun miðstjórnar.

Svo samþykkt á aðalfundi ÍFF þann 15. desember 2021.